

## AUGLÝSING

### vegna riðu í Árnessýslu.

#### 1. gr.

Sýkt svæði eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

#### 2. gr.

Bann er í allri Árnessýslu við flutningum á sauðfé og geitum til lífs milli hjarða. Sameiginlegar hrútasýningar eru bannaðar.

Á ósýktum svæðum og áhættusvæðum getur héraðsdýralæknir veitt undanþágu til samnýtingar hjarða á nágrennbæjum, enda verða hjarðirnar þá reiknaðar sem ein smiteining og báðar felldar ef upp kemur riða.

#### 3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálm og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálm og þökum af túnnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

#### 4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúsahverfum í Árnessýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúsahverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

#### 5. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*